

**Mál nr. 396/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á mótum Álfhólsvegur, Engihjalla og Álfabrekku í Kópavogi þann 25.11.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 8.12.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags 3.1.2011, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hópbifreiðinni A var ekið norður Engihjalla og beygt til vinstri áleiðis vestur Álfhólsveg. Í sömu andrá bar að bifreiðina B eftir Álfhólsvegi úr vestri. Á hraðahindrun og vegþrengingu á Álfhólsvegi fast við gatnamótin rákust saman vinstri hlið A framan við afturhjóla og framanverð vinstri hlið B. Á gatnamótunum gildir almennur umferðarréttur. Í málinu liggja fyrir viðbótarupplýsingar ökumanna með sameiginlegri tjónstilkynningu.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt til vinstri og þá hafi B verið ekið austur Álfhólsveg að gatnamótunum. Hafi hann fundið högg koma á A þegar B hafi verið ekið í hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið að gatnamótunum og ætlað að beygja til hægri þegar A hafi verið ekið óhikað í vinstri beygju frá Engihjalla í hlið B. Taldi ökumaðurinn að ökumaður A hafi ekki séð til ferða sinna. Þá kvað ökumaðurinn að ökumaður A hefði getað tekið víðari (gleiðari) beygju og þar með komið í veg fyrir árekstur. Í síðari gögnum kveður ökumaður B að bifreið sín hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð.

**Álit.**

Engum vitnum virðist vera til að dreifa um áreksturinn og tildrög hans. Einungis ökumenn eru til frásagnar um það hvernig áreksturinn bar að höndum. Af gögnum málsins, einkum ljósmyndum, verður ekki betur séð en áreksturinn hafi orðið á hraðahindruninni og vegþrengingunni á Álfhólsvegi. Óhægt var um vik fyrir ökutækin að mætast þar. Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst fram hjá hinu áhættulaust, skal sá ökumaður, sem betur fær því við komið, aka út af vegi eða aftur á bak, sbr. 4. másl. 1. mgr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki ráðið með neinni vissu hvor ökumanna hafi komið því betur við að víkja úr vegi hinnar bifreiðarinnar. Eftir atvikum öllum telst því ósannað að áreksturinn verði rakinn til sakar annars ökumannsins fremur en hins. Samkvæmt þessu, sbr. og 89. gr. ufl., verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 18. janúar 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.